



HRUNAMANNAHREPPUR

10. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 2. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 3. FEBRÚAR 2011
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2011, þann 3. febrúar kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir skipan fulltrúa sveitarfélagsins í starfshóp vegna málefna Listigarðsins. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þetta erindi fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Ferða- og menningarmálanefnd. Kemur á fundinn.
2. Þriggja ára fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps (seinni umræða).
3. Velferðarráðuneytið. Tilmæli til sveitarstjórna að tryggja framfærslu einstaklinga með sambærilegri framfærslu og atvinnuleysisbætur.
4. Skólaakstur. Aksturaxti skólabílstjóra.
5. Aðgengismál fatlaða í stofnunum sveitarfélagsins.
6. SAMAN-hópurinn: Umsókn um styrk.
7. Uppsveitasystur. Styrkbeiðni.
8. Félagsmálanefnd. Skipun aðal- og varamanns.
9. Kjörstjórn. Skipun aðalmanns.
10. Félags- og tyggingarmálanefnd Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um fjöleignarhús.
11. Félags- og tyggingarmálanefnd Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu og málefni aldraða.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

12. Landbúnaðarnefnd: 4. fundur frá 19. janúar s.l.
13. Fræðslunefnd. 4. fundur vegna Leikskólans Undralands frá 26. janúar s.l.
14. Fræðslunefnd. 6. fundur vegna Flúðaskóla frá 26. janúar s.l.
15. Veitustjórn: 7. fundur stjórnar frá 31. janúar s.l.
-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

16. Oddvitanevnd: Fundur með Félagsþjónustu og sveitarstjórum 18. janúar.
17. Þjónusturáð vegna málefna fatlaðra. Fundargerðir 1. til 21. fundar.
18. 31. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 21. janúar s.l. og 58. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 12. janúar s.l.
19. Skipulags og byggingarfulltrúaembættið. Gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og þjónustu.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 126. stjórnarfundar 14. janúar sl.
- b. Menntamálanefnd SASS. Ályktun.
- c. SASS: 440. stjórnarfundur SASS frá 14. janúar sl.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Fundargerð 131. fundar frá 14. janúar s.l.
- e. Markaðsstofa Suðurlands. Framvinduskýrsla.

Kynningarmál:

- f. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Æskulýðsrannsóknin Ungt fólk.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Leiðbeiningar um áhrif mannvirkjalaga.
- h. Skipulags og byggingarfulltrúaembættið. Hrunaréttir

Fundir framundan.

i. Jafnréttisþing 4. febrúar.
Skýrsla á skrifstofu
Ungt fólk utan skóla 2009.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. **Ferða- og menningarmálanefnd. Kemur á fundinn.**
Á fundinn mæta aðal- og varanefndarmenn í Ferða- og menningarmálanefnd, þau Margrét Runólfsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Vigdís Furuseth og Fríður Sæmundsdóttir auk þess sem formaður nefndarinnar Halldóra Hjörleifsdóttir situr fundinn sem hreppsnefndarmaður. Nefndarmenn ræddu við hreppsnefnd um hlutverk nefndarinnar og verkefni sem þarf að huga að á þessu ári. Nefndinni falið að gera drög að erindisbréfi. Oddviti þakkaði nefndarmönnum fyrir að koma á fundinn og góða umræðu um málefni nefndarinnar.
2. **Þriggja ára fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps (seinni umræða).**
Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri fór yfir þriggja ára áætlun Hrunamannahrepps og þær breytingar sem hefðu orðið á henni milli umræðna en farið var yfir helstu forsendur hennar á síðasta fundi hreppsnefndar. Vísað er til framlagðra gagna en þar er m.a. ekki gert ráð fyrir fjárfestingum í áætluninni. Hreppsnefnd samþykkir áætlunina samhljóða.
3. **Velferðarráðuneytið. Tilmæli til sveitarstjórna að tryggja framfærslu einstaklinga með sambærilegri framfærslu og atvinnuleysisbætur.**
Oddviti kynnti bréf frá Velferðarráðuneytinu um að sveitarfélög gæti þess að einstaklingar á framfæri þess njóti sambærilegra greiðslna og þeir sem fá atvinnuleysisbætur en afgreiðslu málsins var frestað á síðasta fundi hreppsnefndar. Hreppsnefnd samþykkir að fresta áfram afgreiðslu málsins þar til Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sagt álit á þessum tillögum.
4. **Skólaakstur. Aksturstafti skólabílstjóra.**
Oddviti kynnti beiðni skólabílstjóra um breytingar á gjaldskrá fyrir skólaakstur en ljóst er að aukinn kostnaður mun falla á skólabílstjóra vegna hækkandi eldsneytisverðs og fleiri kostnaðarhækkana. Hreppsnefnd samþykkir að hækka taxa á hvern ekinn kílómetra um úr kr. 230 í kr. 235 eða um 2,1%. Hækkunin tekur gildi frá og með 1. febrúar 2011.
5. **Aðgengismál fatlaða í stofnunum sveitarfélagsins.**
Oddviti kynnti stofnun starfshóps sem myndi kanna aðgengismál fatlaðra í stofnunum Hrunamannahrepps og gera eftir atvikum tillögur að úrbótum. Hreppsnefnd samþykkir að skipa í starfshópinn þau Valdísi Magnúsdóttur, Jón Hjalta Sigurðsson og Jón G. Valgeirsson. Sveitarstjóra falið að kalla hópinn saman. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn hafi lokið störfum fyrir sumarfrí.
6. **SAMAN-hópurinn: Umsókn um styrk.**
Oddviti kynnti umsókn um styrk frá Saman-hópnum. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
7. **Uppsveitasystur. Styrkbeiðni.**
Oddviti kynnti umsókn um styrk frá kór Uppsveitasystra. Hreppsnefnd samþykkir að styrkja kórinn með þeim hætti að gefa þeim eftir húsaleigu í félagsheimilinu til æfinga.
8. **Félagsmálanefnd. Skipun aðal- og varamanns.**
Oddviti lagði til að vegna óska nefndarmanna yrðu gerðar breytingar á félagsmálanefnd með þeim hætti að víxlað yrði á aðal- og varamönnum í nefndinni. Bjarney Vignisdóttir yrði aðalmaður fyrir Hrunamannahrepp en Eiríkur Jóhannsson yrði varamaður. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða ofangreindar breytingar.
9. **Kjörstjórn. Skipun aðalmanns.**
Oddviti lagði til að Jóhanna Bríet Ingólfisdóttir yrði kjörin aðalmaður í kjörstjórn í stað Rutar Guðmundsdóttur sem lést á síðasta ári. Þá var lagt til að Steinunn Margrét Larsen yrði kjörin varamaður í kjörstjórn í stað Jóhönnu. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða ofangreindar breytingar.
10. **Félags- og tyggingarmálanefnd Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um fjöleignarhús.**

Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um fjöleignarhús. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

11. Félags- og tyggingarmálanefnd Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu og málefni aldraða.

Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um heilbrigðisþjónustu og málefni aldraða. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

12. Landbúnaðarnefnd: 4. fundur frá 19. janúar s.l.

Formaður landbúnaðarnefndar kynnti fundargerð 4. fundar landbúnaðarnefndar. Ræddar voru vegatengingar við Leppistungur, afsláttur á fjallskilagjöldum, vegagerð á afréttavegum, auglýsing um umsjón á afréttarhúsum, virkjunaráform í Ölfusá og endurskoðuð landbótaáætlun fyrir Hrunamannaafrétt. Hreppsnefnd samþykkir að láta auglýsa eftir aðila til að sjá um útleigu og markaðssetningu á afréttarhúsunum auk þess að sjá viðhald húsanna og heysölu. Þá samþykkir hreppsnefnd endurskoðaða landbótaáætlun fyrir Hrunamannaafrétt 2011-2015 og felur sveitarstjóra að undirrita hana. Að öðru leyti samþykkir hreppsnefnd fundargerðina.

13. Fræðslunefnd. 4. fundur vegna Leikskólans Undralands frá 26. janúar s.l.

Fræðslunefndarmenn kynntu 4. fund fræðslunefndar vegna leikskólans. Þar er m.a. fjallað um skýrslu leikskólastjóra, starfsmannamál, rekstrarniðurstöðu 2010, erindisbréf, undanþágubeiðnir vegna vistunar yngri barna, gjaldtöku vegna barna sem sótt eru og seint í leikskólann, sameiginlegt foreldraráð og næringarúttekt á matseðlum. Hreppsnefnd samþykkir að innheimt verði sérstakt gjald fyrir hverjar 15 mínútur sem barn er sótt of seint sem byrjar að líða 10 mínútum eftir lok vistunartíma. Gjaldið verði kr. 500 fyrir hvert korter og breytingin taki gildi frá og með 14. febrúar nk. Að öðru leyti samþykkir hreppsnefnd fundargerðina.

14. Fræðslunefnd. 6. fundur vegna Flúðaskóla frá 26. janúar s.l.

Oddviti kynnti 6. fund fræðslunefndar vegna Flúðaskóla. Þar er m.a. fjallað um skýrslu skólastjóra, rekstrarniðurstöðu 2010, erindisbréf nefndarinnar, samningur um rekstur félagsmiðstöðvarinnar, gjaldskrá mötuneytis, skólanámskrá og skólaakstur. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

15. Veitustjórn: 7. fundur stjórnar frá 31. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerðina. Farið var yfir vatnsveitumál í Dalabyggð, stöðu á yfirtöku hitaveitu í Kjóabyggð, stöðu hitaveitu í Sléttubbyggð, skemmdarverk við dælustöð á Flúðum, hitaveitu Grafarhverfis og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

16. Oddvitanefnd: Fundur með Félagsþjónustu og sveitarstjórum 18.

janúar. Oddviti kynnti fundargerð oddvitanefndar með félagsþjónustunni. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

17. Þjónusturáð vegna málefna fatlaðra. Fundagerðir 1. til 21. fundar.

Oddviti kynnti fundargerðir þjónusturáðs vegna málefna fatlaðra.

18. 31. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 21. janúar s.l. og 58. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 12. janúar s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 31. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 21. janúar 2011 en þar er fjallað um 6 mál fyrir Hrunamannahrepp. Farið var yfir mál nr. 2 þar sem samþykkt var fundargerð 58 afgreiðslufundar byggingarfulltrúa þar sem 1 mál snerti Hrunamannahrepp. Mál nr. 3 um tillögu að nýrri gjaldskrá embættisins og mál nr. 4 um samþykkt yfir sameiginlega skipulags- og byggingarnefnd, sem var frestað. Mál nr. 6 deiliskipulag vegna ferðaþjónustusvæðis í Ásgarði í Kerlingarfjöllum þar sem skipulagsfulltrúa var falið að ræða framkomnar athugasemdir við umráðanda svæðisins og skipulagshönnuði. Mál nr. 7 deiliskipulag á frístundabyggð úr landi Grafar sem vísað var til hreppsnefndar. Hreppsnefnd samþykkir að fela

oddvita að ræða við skipulagshönnuð um veltengingu skipulagssvæðisins. Mál nr. 8 vegna beiðni lóðarhafa sumarhúsalóða í Tjarnar- og Hlíðardal um breytingu á skilmálum vegna aukahúsa sem var samþykkt. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina.

19. Skipulags og byggingarfulltrúaembættið. Gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og þjónustu.

Oddviti kynnti gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóa. Hreppsnefnd samþykkir framlagða gjaldskrá.

Önnur mál:

20. Lystigarðurinn

Oddviti kynnti að stofna ætti starfshóp vegna lystigarðsins á Flúðum. Hreppsnefnd skipar Halldóru Hjörleifsdóttur sem sinn fulltrúa í starfshópinn. Í starfshópnum verða einnig fulltrúi Skógræktarfélagssins og Flúðaskóla.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 126. stjórnarfundar 14. janúar sl. Fundargerð lögð fram.
- b. Menntamálanefnd SASS. Ályktun. Oddviti kynnti ályktunina.
- c. SASS: 440. stjórnarfundur SASS frá 14. janúar sl. Fundargerð lögð fram.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Fundargerð 131. fundar frá 14. janúar s.l. Fundargerð lögð fram.
- e. Markaðsstofa Suðurlands. Framvinduskýrsla. Skýrslan lögð fram.

Kynningarmál:

- f. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Æskulýðsrannsóknin Ungt fólk. Lagt fram til kynningar.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Leiðbeiningar um áhrif mannvirkjalaga. Lagt fram til kynningar.
- h. Skipulags og byggingarfulltrúaembættið. Hrunaréttir. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- i. Jafnréttisþing 4. febrúar.

Skýrsla á skrifstofu:

- j. Ungt fólk utan skóla 2009.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.10.